

VINNUFUNDUR STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

367. fundur

Miðvikudaginn 8. mars 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:45. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Ingvar H. Jóhannesson (IHJ), sviðsstjóri rekstrarsviðs.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Útboð á akstri 2024

Tekið fyrir:

1. Útboð á akstri 2024

Sigurður Guðjón Jónsson og Valdimar Jónsson, sérfræðingar frá Mannviti fóru yfir vinnugögn vegna útboðs á akstri. Umræður urðu um stærð útboðspakka, samningstíma, kröfur um hraða orkuskipta o.fl..

Stjórn samþykkti að á næsta stjórnarfundum yrðu drög að útboðsgögnum lögð fyrir fundinn til samþykktar.

Kristín Thoroddsen vék af fundi kl. 12:45

Fylgiskjöl:

Magnús Örn Guðmundsson

Alexandra Briem

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson